

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

Úthlutað hefur verið styrkjum fyrir árið 2017 úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Auglýst var eftir styrkumsóknum í október sl. Umsóknir sem bárust voru samtals 55 talsins með styrkbeiðnum að fjárhæð kr. 112.710.700. Heildarkostnaður við verkefni samkvæmt mati umsækjenda er kr. 312.038.578. Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs ákvað að úthluta 43.6 milljónum til 28 verkefna.

Fjögur verkefnanna flokkast undir stofn- og rekstrarstyrki til menningamála og hljóta þau alls 9,7 milljónir í styrk.

Tólf verkefnanna eru á sviði menningar og lista og hljóta þau alls 13,8 milljónir í styrk.

Tólf verkefnanna tilheyra nýsköpun- og atvinnuþróun og hljóta þau alls 20,1 milljón í styrk.

Eftirtalin verkefni hlutu styrk.

Nr. 1. Hæfileikar SamSuð 2017 – SamSuð – Samtök félagsmiðstöðva á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Stefán Arinbjarnarson.

Með Hæfileikum Samsuð er skapaður vettvangur fyrir ungmenni á Suðurnesjum til að sýna og rækta hæfileika sína. Slík keppni dregur einnig fram að á Suðurnesjum er margt ungt hæfileikafólk sem er um leið góðar fyrirmyndir fyrir jafningjana og hvetur þá til dáða. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.

Nr. 2. Ekki henda, ekki menga, fjölnotapoki til notkunar í grænmetis- og ávaxta deildum í matvörubúðum. Umsækjand: Lauma Gulbe og er hún jafnframt verkefnastjóri.

Plast er orðið stórt vandamál sem er viðurkennt víða um heim. Umhverfisvænn lífsstíll kemur meira og meira í tísku, hópur umhverfisvænna notenda fer vaxandi. Til að uppfylla þarfir þessa markhóps er ætlunin að þróa og setja á markað fjölnotapoka. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.

Nr. 3. Söngvaskáld á Suðurnesjum – Umsækjandi: Dagný Gísladóttir og er hún jafnframt verkefnastjóri.

Verkefnið miðar að því að kynna tónlistararf og tónlistarmenningu á Suðurnesjum og skapa um leið atvinnu fyrir tónlistarfólk á svæðinu sem og að auka vægi klassískrar tónlistar á Suðurnesjum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 600 þús.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 4. Leikfangasafn Helgu Ingólfsdóttur – Umsækjandi: Helga Ingólfsdóttir og er hún jafnframt verkefnastjóri.

Leikfangasafnið var opnað á Ljósanótt 2016. Til sýnis eru bæði safn nýrra og gamalla leikfanga, handgerðir þjóðbúningar, gamlir þjóðlegir fylgihlutir, hús og umhverfi. Safnið er ætlað fyrir safnakennslu um gömul vinnubrögð og búninga bæði fyrir börn og fullorðna. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 700 þús.

Nr. 5. Kynning á bókmenntaarfinum – Umsækjandi: Bókasafn Reykjanesbæjar ásamt almenningsbókasöfnunum í Garði, Grindavík, Sandgerði og Vogum . Verkefnastjóri: Stefanía Gunnarsdóttir.

Haldin verða 6 bókmenntakvöld þar sem kynntar verða íslenskar bókmenntir bæði í formi upplestra og fyrirlestra um höfunda og efni. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 700 þús.

Nr. 6. Barnamenning 2017 – Umsækjandi: Menningarskrifstofa Reykjanesbæjar. Verkefnastjóri: Guðlaug María Lewis.

Verkefnið er barnamenningarhátíð með þátttöku 10 leikskóla bæjarins allra 6 grunnskólanna, Fjölbrautarskóla Suðurnesja, Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og dansskólanna tveggja í bænum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.

Nr. 7. Rannsókn á áhrifum GeoSilica á heilsu. Umsækjandi: Nexis ehf. Verkefnastjóri: Jóhann Friðrik Friðriksson.

Frá því að GeoSilica hóf framleiðslu og sölu á GeoSilica fæðubótarefninu hefur fyrirtækinu borist reynslusögur frá notendum sem merkja jákvæðar breytingar á járnþúska líkamans auk annarra líkamlegra áhrifa. Markmið verkefnisins er að framkvæma klíniska rannsókn á fyrsta stigi á áhrifum GeoSilica á heilsu. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.

Nr. 8. Krabba-Saga, þekking og fræðsla á 3 tungumálum. Umsækjandi: Veitingahúsið Vitinn. Verkefnastjóri: Brynhildur Kristjánsdóttir.

Veitingastaðurinn Vitinn hefur sett upp fjölmörg ker, bæði utan og innandyra í þeim tilgangi að geta sýnt krabba og skeldýr í eins nátturulegu umhverfi og kostur er. En krabbi og skeldýr eru á matseðli veitingastaðarins. Markmiðið með þessu verkefni er m.a. að útbúa faglegan, skýran og vandaðan texta á fleiri tungumálum, um skeldýrin í okkar umhverfi og hvernig við nýtum þau til matar. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.

Nr. 9. Náttúru- og menningarperlur Reykjaness í máli og myndum – Umsækjandi: Snorri Þór Tryggvason og er hann jafnframt verkefnastjóri.

Myndir verða teknar að 70 helstu náttúru og menningarperlum Reykjaness og opnuð vefsíða með ljósmyndunum auk ýmsum öðrum nýjungum. Verkefninu er þannig ætlað að stuðla að auknum vexti á sviði menningar og ferðaþjónustu. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 10. Samtvinnun tónlistar og myndlistar – Umsækjandi: Listasafn Reykjanesbæjar. Verkefnastjóri: Valgerður Guðmundsdóttir.

Markmið verkefnisins er að halda sérstakt námskeið eða vinnusmiðu með ungu fólki þar sem unnið verður með tengingu tónlistar og myndlistar. Þátttakendur munu mála undir tónlist og semja tónverk eftir myndlist. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 11. Reykjanesviti – Skjaldarmerkið heim – Umsækjandi. Hollvinasamtök Reykjanesvita og nágrennis. Verkefnastjóri: Hallur Gunnarsson.

Í minnum manna skartaði Reykjanesviti skjaldamerki Danakonungs, allt frá vígslu hans hinn 20. mars 1908 og fram til um 1970, eða í rúm 60 ár. Hollvinasamtökin vilja gera minjum sem tengjast dönsku konungsfjölskyldunni hærra undir höfði og vilja koma skjaldarmerkinu aftur á Reykjanesvita, þar sem hann á heima. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 12. List án landamæra – Umsækjandi: Sveitarfélögin 5 á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Guðlaug María Lewis.

Markmið hátíðarinnar er að auka gæði, gleði, aðgengi, fjölbreytni og jafnrétti í menningarlífinu. Jafnframt að koma list fólks með fötlun á framfæri og auka samstarf á milli fatlaðs og ófatlaðs listafólks. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 13. Áhrif loftslagsbreytinga á farfuglastofna. Umsækjandi: Þekkingarsetur Suðurnesja. Verkefnastjóri: Sölvi Rúnar Vignisson.

Tjaldurinn er einn af einkennisfuglum á fjörusvæðum Suðurnesja og gefur tegundin góða mynd af ástandi annarra fuglastofna sem nýta sér fjörur svæðisins. Hann er bæði staðfugl og varpfugl og því er hann mjög hentugt viðfangsefni við slíka rannsókn og hægt að heimfæra niðurstöður verkefnisins yfir á aðrar tegundir. Áætlaður árangur verkefnisins er margþættur. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 14. Þjóðleikur á Suðurnesjum – Guðjón Þ. Kristjánsson sem er jafnframt verkefnastjóri.

Þjóðleikur er leiklistarhátíð ungs fólks og er samstarf Þjóðleikhússins og verkefnisins Þjóðleikur. Öll fagleg þekking og aðstoð við hópanna kemur frá Þjóðleikhúsinu. Þrjú þekkt leikskáld hafa samið leikrit sérstaklega fyrir Þjóðleik, sem þátttakendur velja úr og æfa. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 15. Vöruþróun á 3 nýjum vörum. Umsækjandi: GeoSilica Iceland ehf. Verkefnastjóri: Fida Abu Libdeh.

Verkefnið lýtur að rannsóknum og greiningu á nýjum vörum sem byggja á Kísilvatninu sem nú þegar hefur verið þróað. Verkefnið lýtur einnig að þróun á uppskriftum og þær gerðar tilbúnar til framleiðslu. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 16. Skönnun á eldri tölu – Umsækjandi: Víkurfréttir. Verkefnastjóri Páll Ketilsson.

Verkefnið lýtur að skönnun á tölublöðum Víkurfrétta frá árinu 1980 til 2003. Verkefnið er a.m.k. 15 þúsund blaðsíður og er vinnan því nokkuð tímafrek. Ætlunin er að setja blöðin á Tímarit.is þar sem allir geta haft aðgang að blöðunum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,2 millj.

Nr. 17. Gagnvirkir fræðslustígar á Reykjanesi. Google Maps í menntun, fræðslu og markaðssetningu. Umsækjandi GeoCamp Iceland. Verkefnastjóri: Arnbjörn Ólafsson.

Verkefnið miðar að því að kortleggja og skilgreina hentuga stíga í Reykjanes Geopark og mynda þá með 360° myndavélum frá Google. Afurðirnar munu nýtast við fræðslu almennings, meðal annars í jarð- og landfræðikennslu á grunnskólastigum, fyrir leiðsögumenn og í staðarleiðsögn um Geopark. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr.1,5 millj.

Nr. 18. Safnahelgi á Suðurnesjum – Umsækjandi: Sveitarfélögin 5 á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Valgerður Guðmundsdóttir

Safnahelgi á Suðurnesjum er sameiginleg kynning allra safna, sýninga og setra á Suðurnesjum sem liður í menningarferðapjónustu utan hins hefðbundna ferðamannatíma. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Nr. 19. Geopark fyrirtæki. Umsækjandi: Reykjanes Geopark. Verkefnastjóri: Eggert Sólberg Jónsson.

Verkefnið lýtur að samstarfssamningum við fyrirtæki. Samningunum er ætlað að mæta þörfum gesta, fyrirtækja og samfélagsins á staðnum til að festa geo-ferðapjónustu í sessi. Fyrirtækin sem undirrita samninginn fá leyfi til þess að nýta merki Reykjanes UNESCO Global Geopark í markaðssetningu sinni. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Nr. 20. FlutningsVaki – Sjálfvirkt Gæðaeftirlit. Umsækjandi: Tæknifræðinám Keilis. Verkefnastjóri: Andri Þorláksson.

Verkefnið snýr að hönnun og þróun á nýjum sjálfvirkum búnaði sem skrásetur hvar, hvenær og hverskonar meðhöndlun varningur í flutningi verður fyrir. Búnaðurinn verður óháður staðsetningu og tíma og býður að auki upp á skrásetningu á umhverfisbreytum t.d. hitasitigi. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Nr. 21. Einingafjöltengi. Umsækjandi: Mekano ehf. Verkefnastjóri: Sigurður Örn hreindal Hannesson.

Á síðustu tveimur árum hefur margt gerst í verkefninu. Gerður hefur verið samstarfssamningur við fyrirtæki í USA um aðstoð á framleiðslu, dreifingu og val á verksmiðjum og birgjum. Þetta verkefni snýst um að koma einingafjöltengi Mekano í framleiðslu og á íslenskan markað. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 22. Fjölbætt heilsuefning í Reykjanesbæ – Leið að farsælli öldrun. Umsækjandi: Velferðarsvið Reykjanesbæjar. Verkefnastjóri: Janus Guðlaugsson.

Verkefnið lýtur að heilsuefningu eldri aldurshópa í Reykjanesbæ, markmiðið er að draga úr öldrunareinkennum, efla og bæta lífsgæði þrátt fyrir hækkandi aldur. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Nr. 23. Grunnævi Suðurnesja – nýtingarmöguleikar krabba og annarra botndýra – Umsækjandi: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Halldór Pálmar Halldórsson.

Markmiðið með verkefninu er tvíþætt, annars vegar að rannsaka lífríki hafsbotns og sjávar á grunnævi Suðurnesja með áherslu á krabbadýr og hins vegar að kortleggja búsvæði krabbategunda og annarra mögulegra nytjategund á svæðinu. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2,5 millj

Nr. 24. Verbúðin Bakki. – Umsækjand: Minja- og sögufélag Grindavíkur. Verkefnastjóri Örn Sigurðsson.

Verkefnið sem flokkast undir Stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála lýtur að uppbyggingu verbúðarinnar Bakka, sem hefur mikið sögu- og menningargildi fyrir Suðurnes. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3 millj.

Nr. 25. Endurbygging Fischershúss 4. áfangi – Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Valgerður Guðmundsdóttir.

Verkefnið sem flokkast undir Stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála og lýtur að endurbyggingu Fischershúss sem Waldimar Fischer byggði árið 1881. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3 millj.

Nr. 26. Endurbygging Gömlu búðar – Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Valgerður Guðmundsdóttir.

Verkefnið sem flokkast undir Stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála og lýtur að uppbyggingu Gömlu búðar sem reist var H.P. Duus kaupmanni í Keflavík árið 1871. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3 millj.

Nr. 27. Ferskir vindar. – Umsækjandi: Ferskir vindar. Verkefnastjóri: Mireya Samper.

Listahátíðin er alþjóðleg listahátíð og er um margt einstakur viðburður í íslensku menningarlífi. Með tilkomu hátíðarinnar hafa augu og hjörtu margra, ekki síst ungmenna, opnast fyrir nýjum möguleikum og hugmyndum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3 millj.

Nr. 28. Tamar – sókn á erlenda markaði. Umsækjandi: Tamar ehf. Verkefnastjóri: Guðrún Marteinsdóttir.

Verkefnið lýtur að markaðssetningu á snyrtivörum í Bandaríkjunum. Þörf fyrir hreinar snyrtivörur fer stigvaxandi um leið og upplýsingar um óæskileg efni verða meira aðgengilegar. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 4 millj.

